



**94. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar
miðvikudaginn 30. október 2013, kl. 16:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti
 2. Fjárhagsáætlun 2014
 3. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Byggðakvóti

Umræður urðu um byggðakvóta.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi reglur:

Samþykkt var eftirfarandi undanþága frá reglugerð nr. 665/2013, um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2013/2014.

4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

„Skipta skal 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 25% skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á rækju í Húnaflóa skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2013.“

Vinnsluskylda er felld niður og því orðast 1. og 2. ml. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig:

„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“

2. Fjárhagsáætlun 2014

Farið var yfir tekjuforsendur fjárhagsáætlunar 2014.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun 2014 til fyrri umræðu bæjarstjórnar.

3. Önnur mál



Bæjarráð Blönduósarbæjar

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:45

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)